

## Stefnuráð -Tillögur A og B

### Hlutverk stefnuráðs

Gert er ráð fyrir að fyrsta hlutverk stefnuráðs sé að móta tillögur um framtíðarskipulag byggðasamlaganna, hvað varðar t.a.m. útvistun, rekstrarform og skipulag, í því felst m.a. mótun tillagna um nýja stofnsamninga. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að stefnuráð hafi fastmótað hlutverk, sem felist m.a. í því að leggja fyrir aðalfund tillögur að stefnusáttmála eða breytingar á honum, túlkun álitamála og samskiptum við stjórn byggðasamlaga.

### Skipan stefnuráðs

Markmiðið er að samkomulag náist um sem flest mál – en komi til atkvæðagreiðslu fer atkvæðavægi eftir íbúafjölda.

**Þá er gert ráð fyrir aðkomu allra kjörinna fulltrúa á stefnuþingi** sem er mikilvægt til stuðnings við störf stefnuráðs og vinnslu stefnusáttmála og breytinga á honum. Þá er gert ráð fyrir aðkomu allra kjörinna fulltrúa á aðalfundum. Skilyrt er að sveitarstjóri sitji í stefnuráði. Ræða þarf formennsku í stefnuráði.

	Íbúafjöldi 1. 12. 2020	Atkvæðavægi	Tillaga A "Hálft" fulltrúaráð	Tillaga B
Reykjavík	133197	56,4%	5	3
Kópavogur	38225	16,2%	3	3
Hafnarfjörður	29743	12,6%	3	3
Garðabær	17668	7,5%	2	3
Mosfellsbær	12565	5,3%	2	3
Seltjarnarnes	4734	2,0%	1	3
Samtals	236132	100,0%	16	18

### Tillaga A „Hálft“ fulltrúaráð

- Kostir:
  - o Endurspeglar íbúafjölda– byggt á grunni núverandi fulltrúaráðs
  - o Aukin skilvirkni með því að takmarka fjölda fulltrúa, úr 29 í 16 m.v. núverandi fulltrúaráð
- Gallar:
  - o Tillagan gengur vart upp ef fulltrúar hvers sveitarfélags eru ekki sammála innbyrðis: Sléttar tölur skapa vandamál þegar kemur að sameiginlegri afstöðu fulltrúa hvers sveitarfélags, en gert er ráð fyrir að fulltrúar fari sameiginlega með atkvæði síns sveitarfélags og þurfi því að móta sameiginlega afstöðu.
    - Hægt væri að bregðast við því með því að sveitarstjóri fari einn með atkvæði sveitarfélagsins, en með því er hins vegar dregið úr „ráðs“-hugmyndinni.
  - o Æskilegt er að fulltrúar hvers sveitarfélags séu sveitarstjóri, og fulltrúi/ar meiri- og minni hluta. Ómögulegt að koma því við þegar fulltrúar sveitarfélags eru einn eða tveir.

### Tillaga B:

- Kostir:
  - o Gert er ráð fyrir að sveitarstjóri sitji í stefnuráði auk fulltrúa meirihluta og minnihluta.
  - o Aðkoma minnihluta tryggð.
  - o Hvert sveitarfélag getur skorið úr um sitt atkvæði þar sem aðilar frá hverjum og einum eru þrír.
  - o Aukin skilvirkni með því að takmarka fjölda fulltrúa, úr 29 í 18 m.v. núverandi fulltrúaráð
- Gallar:
  - o Fjöldi fulltrúa frá hverju sveitarfélagi endurspeglar ekki íbúafjölda hvers sveitarfélags. Fordæmi eru þó fyrir slíkri jafnri skiptingu, sbr. stjórnir byggðasamlaga og svæðisskipulagsnefnd.
    - Þá hafa stærri sveitarfélög aukið atkvæðavægi.

### Gróft yfirlit yfir kosti og galla

Skilvirkni m.t.t. fjölda í stefnuráði

Ekki einn á móti einum/mótun afstöðu sveitarfélags

Trygg aðkoma minnihluta

Aðkoma sveitarstjóra

Fjöldi fulltrúa endurspeglar íbúafjölda

Tillaga A "Hálft" fulltrúaráð	Tillaga B